

Meðfylgjandi er bréf sem ég sendi til Garðabæjar, Arinbjarnar Vilhjálmssonar í ágúst 2015 og svar hans til mín.

Nú sendi ég nýtt bréf fyrir hönd húsfélagsins Langamyri 26 í Garðabæ og vísa í fyrr greint bréf og svar við því.

Eftir að eigendur bílskúrs (Langamýri 1a) fengu neitun um að leigja út bílskúrinn (sjá svar frá 21.ágúst,2015) drógu þau sig til hlés.....en í janúar hófu þau útleigu á bílskúrnum. Þetta gera þau í óþökk bæjarins og þrátt fyrir að vita að íbúar í Löngumýri 26 eru ekki sáttir.

Við vitum að það eru bílskúrar sitt hvoru megin við þennan, sem í dag er leigður út sem íbúð, og við vitum að það er möguleiki á því td. ef selt er að nýjir eigendur kaupi jafnvel eignina með það í huga að geta leigt út.....Hvar værum við þá stödd ; jafnvel komin með 3 auka íbúðir í 9 manna blokk.

Nú leitum við til bæjarins ; við vitum að eigendur fengu ekki leyfi til að leigja út fullbúnu íbúðina í bílskúrnum ; við veltum fyrir okkur td. bílastæðum ; brunavörnum þar sem eldhús er í íbúðinni ; við veltum fyrir okkur hvernig við getum snúið okkur í þessu . Ekki getum við verum á vaktinni og fylgst með hvort eigendur séu að leigja út ; enda er það ekki í okkar verkahring.

Kveðja , fyrir hönd Húsfélagsins Löngumýri 26

Nína Björk Svavarsdóttir.

Bæja-skrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	6 maí 2016
Málalýkill	9.20
Mál nr.	1605056

Nína Björk Svavarsdóttir

Frá: Nína Björk Svavarsdóttir
Sent: 21. ágúst 2015 09:44
Til: arinbjorn@gardabaer.is
Efni: RE: Nína Björk / Langamyri 26, Garðabær

From: Nína Björk Svavarsdóttir
Sent: Friday, August 21, 2015 9:13 AM
To: postur@huso.is
Subject: Nína Björk / Langamyri 26, Garðabær

Góðan dag ;

Er með fyrirspurn til ykkar ;

Langamyrin í Garðabæ er falleg gata. Þar by ég í Fjöldýli með 8 íbúðum. Fjórar á jarðhæð og fjórar á þeirri efri. Sér inngangur er í allar íbúðir.

Ég bý í d íbúð , sem er á jarðhæð, hægra megin út á enda. Hana keypti ég fyrir nokkrum árum og valdi hana með tilliti til staðsetningar, þ.e. að ég hafði enga íbúa fyrir neðan , einungis hana Sigu á efri hæðinni. Þar hef ég líka fallega aðstöðu úti við. Á sama tíma hefði ég getað keypt mun ódýrari eign td. í Hris eða Lyngmóum en þar var ég bundin við að hafa íbúa á hæð fyrir neðan mig og þann kost vildi ég ekki. Því valdi ég mun dýrari eign.

Það fylgja 5 bílskúrar húseigninni. Tveir standa úti á bílastæðunum og þrír liggja undir íbúð minni ; keyrt er að utanverðu niður í skúrana (ekki svona bílageymsla eins og tíðkast í dag enda eignin byggð fyrir þann tíma).

Skúrnir þrír sem liggja undir íbúðinni minni hafa jú bara verið notaðir undir bíla eins og eg gerði rað fyrir þegar ég fjárfesti í frekar dýrri eign.....en ;

Í sumar var íbúðin , sem er eins og mín, á hinum enda fyrstu hæðar seld. Íbúðinni fylgir bílskúr, sá í miðjunni undir minni íbúð (allir skúrnir liggja samt undir minni íbúð). Ég tók eftir því að miklar framkvæmdir hófust í skúrnum fyrir neðan íbúðina mína (liggur alveg undir íbúðinni minni). Mikill hávaði hefur geysað ; iðnaðarmenn að verkum ; komin er útidyr og gluggi á bílskúrshurðina. Á einhverjum tímapunkti fór nu að hvarla að mér að ég væri að fá nýja nágranna fyrir neðan mig.....ég sem hafði keypt íbúð á fyrstu hæð til að vera laus við nágranna á fyrstu hæðinni.....gat þetta bara verið.....er þetta leyfilegt.

Ég ákvað því í gær að labba bara niður þar sem iðnaðarmenn voru að gera og græja, jú þeir voru að leggja lokahönd á þess líka finu íbúð ; fullbúin íbúð með husgögnum, baðherb. , sturtu, eldunartækjum og ískáp. Ég varð miður mín og ákvað að spjalla við eigendurna nýju,. Maðurinn varð soldið kjánalegur, sagði þau jú vera eitthvað , kannski , mögulega ætla að leigja út íbúðina.....Ég spurði hvort að hann hafi fengið leyfi hjá Garðabæ fyrir þessum breytingum.....úttekt og svo framvegis. Nei hann taldi þess ekki þurfa....

Ég er miður mín.....mér finnst virði eignar minnar hafa minnkað.....mér finnst ég hafa verið svikin.....og spyr því : Er leyfilegt að búa til íbúð til útleigu, án samþykktar íbúa (þa kannski sérstaklega mig þar sem ég er beint fyrir ofan,) eða án samþykktar bæjaryfirvalda. Er leyfilegt að búa til íbúð í bílskur sem liggur undir minni íbúð.....Eg er orðlaus.

Kveðja Nína Björk(systir Baldur hjá Uti og Inni arkitektum)

Nína Björk Svavarsdóttir

Frá: Nína Björk Svavarsdóttir
Sent: 21. ágúst 2015 11:37
Til: Arinbjörn Vilhjálmsson
Efni: RE: Nína Björk / Langamyri 26, Garðabær

Sæll og takk fyrir skjót og greið svör ;

Íbúðaeigandi hefur sennilega brugðist við vegna fyrirspurnar minnar í gær um það hvort að grunur minn væri réttur um að leigja ætti bílskurinn út. Þá hefur hún/hann rankað við sér þegar ég benti á að halda þyrfti fund í húsfélaginu og síðast en ekki síðst þyrftu þau að fá leyfi frá bæjaryfirvöldum fyrir svona breytingum. Ég sagði jafnframt að skúrinn lægi að öllu leyti undir minni eign og eg myndi heldur aldrei samþykkja þetta. Mér er létt ; átti svefnlausu nött ; en ég óska eftir því að þessu sé fylgt eftir því leigjendurnir nýju voru í skúrnum í nótt...

Kveðja og takk fyrir skjót viðbrögð

Nína Björk

From: Arinbjörn Vilhjálmsson [Arinbjorn@gardabaer.is]
Sent: Friday, August 21, 2015 11:10 AM
To: Nína Björk Svavarsdóttir
Subject: RE: Nína Björk / Langamyri 26, Garðabær

Sæl Nína Björk

Það hefur ekki verið sótt um leyfi fyrir þessari íbúð enda myndi það aldrei vera veitt.

Íbúðareigandi hafði samband hér áðan og spurðist fyrir um þetta og ég tjáði henni það sama.

Með kveðju

Arinbjörn

From: Nína Björk Svavarsdóttir [mailto:Nina.Bjork.Svavarsdottir@reykjavik.is]
Sent: 21. ágúst 2015 09:44
To: Arinbjörn Vilhjálmsson <Arinbjorn@gardabaer.is>
Subject: RE: Nína Björk / Langamyri 26, Garðabær
